

Alþingi
Erindi nr. P 128/1380
komudagur 28.2.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2003

**Efni: Frumvarp til laga um námsstyrki, 446. mál
Frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 58. mál.**

Í frumvarpi til laga um námsstyrki er gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum „að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám“.

Samtök iðnaðarins telja sjálfsagt að ungt fólk búi við sömu tækifæri til náms, óháð búsetu og efnahag fjölskyldu. SI styðja því meginhugsun frumvarpsins.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að nemendum, sem hljóta styrk, sé sérstaklega bent á hagnýtar starfsmenntabrautir sem atvinnulífið hefur þörf fyrir. Með því móti geta ungmenni fyrr notið efnalegs sjálfstæðis og möguleikar þeirra til frekara náms og starfa aukast.

Hlutverk styrktarsjóðs námsmanna, samkvæmt frumvarpi til laga um styrktarsjóð námsmanna, er að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að hvetja ungt fólk til náms, sérstaklega í náttúru- og raungreinum. Atvinnulífið hefur þörf fyrir fleira og betur menntað raungreinafólk. SI styðja því meginhugmynd frumvarpsins.

Samtök iðnaðarins telja ástæðu til þess að skoða 58. og 446. mál í samhengi. Þótt tilgangur frumvarpanna sé ólíkur má ætla að skynsamlegt sé að stjórnun og framkvæmd umræddra sjóða sé á einni hendi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ingi Bogi Bogason